

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

32. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR MIÐVIKUDAGINN 18.DESEMBER 2013.

Mæting: (Miðstjórn og samninganefndarmenn)

Hörður Bragason, Eva K Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Björn Eysteinnsson, Dagný Aradóttir, Jakob Tryggvason, Ragnar Gunnarsson, Eyjólfur Ólafsson, Andri Jóhannesson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Jens H Ragnarsson, Kristján Þ Snæbjarnarson, Helgi Jónsson, Jón Ólafur Halldórsson, Eiríkur Sigurðsson, Ísleifur Tómasson, Björn Ág. Sigurjónsson, Haukur Ágústsson.

Forföll boðuðu Sigurður Sigurðsson, Ómar Baldursson og Grétar Guðmundsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
 2. Kjaraviðræður.
 3. Önnur mál.
1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Kjaraviðræður.

Formaður KPS fór yfir stöðu samningaviðræðna og hvað væri helst að gerast í desember. Hann gat þess að ASÍ hefði slitið viðræðum við SA og 4 hópar búnir að vísa deilum sínum til sáttasemjara. SA heldur fast í 2% launahækkunina og því hefur lítið gerst.

Lögð hefur verið fram kröfugerð vegna RÚV og ISAVIA.

Helsta umhugsunarefni nú er hvernig Ríkissáttasemjari metur stöðuna en aðilar hafa verið boðaðir til fundar, með mjög skömmum fyrirvara, í kjaradeilu þar sem töluvert ber í milli aðila. Þegar til fundar hefur verið komið hafi deilunni ekkert verið þokað áfram en í boðun fundar var gefið til kynna að tilboð gagnaðila væri á borðinu. Aðilar velta jafnframt fyrir sér hvort hann sé undir pressu frá stjórnvöldum.

Eins og staðan er núna verða ekki fleiri fundir fyrir jól og spurning hvað viljum við gera, ætlum við að bíða á hliðarlínunni eða vísa deilunni til sáttasemjara?

Ef deilunni verður vísað til sáttasemjara ber honum að boða fund innan 2ja vikna.

Samþykkt að leita eftir samráði við aðra iðnaðarmannahópa um að vísa deilunni til sáttasemjara, að öðrum kosti, ef aðrir iðnaðarmannahópar eru ekki tilbúnir að vísa deilunni þá mun RSÍ vísa sinni deilu einhliða til Ríkissáttasemjara.

Fram kom að ríkisstjórnin hefur ekki fallið frá þeim hækkunum á gjaldskrár sínum sem boðaðar eru í framkomnu fjárlagafrumvarpiu fyrir árið 2014. Það er ekki gott innlegg í þær viðræður sem framundan eru.

Einnig kom fram, ef sérkjarasamningi við RÚV og ISAVIA verður hafnað, þá verður að fara með málið fyrir Félagsdóm. Ef málinu verður hafnað, verður að útvíkka „almenna samninginn“ svo starfsmenn þessa stofnana verði sáttir við að vera á honum.

3. Önnur mál.

Gjaldkeri sambandsins, sagði að byrjað væri að skoða með gerð reikninga fyrir árið 2014. Óskaði hann eftir heimild miðstjórnar til að færa peninga milli sjóða, þ.e. úr sambandssjóði yfir í styrktarsjóð. Var það samþykkt.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 12.45
Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.